

Fimmtudaginn 9. nóvember 1995.

Nr. 133/1994.

Vilberg Rafn Vilbergsson

(Svala Thorlacius hrl.)

gegn

Guðmundi Sveinbjörnssyni

(Þórunn Guðmundsdóttir hrl.)

Gjafsókn. Málskostnaður. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1994. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 2.847.944 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 3. september 1988 til 25. júní 1992, en með vöxtum samkvæmt III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en gjafsókn fyrir Hæstarétti var veitt 12. september 1994.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, en gjafvörn var einnig veitt fyrrgreindan dag.

Málsaðilum var veitt gjafsókn og gjafvörn í héraði. Af hálfu beggja var við rekstur málsins þar krafist málskostnaðar, eins og málið væri ekki gjafsóknar- og gjafvarnarmál, enda var það áskilið í gjafsóknar- og gjafvarnarleyfum þeirra. Í héraðsdómi er hins vegar ekkert um þessar kröfur fjallað. Er það slíkur annmarki á dóminum, að eigi verður hjá því komist að ómerkja hann og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Eftir þessum málalokum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Kostnaður af rekstri málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsóknar- og málsvarnarlaun lögmanna málsaðila, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður beggja aðila greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal þóknun til lögmanna þeirra fyrir flutning málsins fyrir Hæstarétti, 75.000 krónur til hvors.
